

REGLUR

um breytingar á reglum nr. 921/2018 um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

Í staðinn fyrir orðið „þrír“ í staflið a kemur: fimm.

Í staðinn fyrir tölustafinn „3“ í staflið e kemur: 1.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr. reglnanna:

Í staðinn fyrir „sjúkra- og endurtökupróftíð“ kemur orðið: endurtökupróftíð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

Í 1. másl. fellur „drög að próftöflu og“ á brott.

Í staðinn fyrir „sjúkra- og endurtökupróftíð“ í 3. másl. kemur: endurtökupróftíð.

Stafliður c breytist og verður svohljóðandi:

Fjarvist í prófi. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda (þ.m.t. veikinda barns) eða annarra áfalla skal tilkynna forföll samdægurs með tölvupósti á nemskra@unak.is.

Eftirfarandi breytingar verða á staflið d:

a. Í staðinn fyrir orðin „sjúkra- og endurtökupróftíð“ kemur: endurtökupróftíð.

b. Í staðinn fyrir orðin „sjúkra- og endurtökupróf“, tvívegis, kemur: endurtökupróf.

Stafliður f verður svohljóðandi:

Nemendum er skylt að taka þátt í öllu námsmati þeirra námskeiða sem þeir eru skráðir í. Nemandi sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn, verið fjarverandi eða ekki skilað námsmatsþætti á rétt á að endurtaka viðkomandi námsmatsþátt einu sinni. Hafi nemandi þá ekki náð lágmarkseinkunn verður hann að endurskrá sig í námskeiðið. Rétturinn til endurtöku án lögmætra forfalla gildir þó ekki um ástundun sem er hluti af námsmati. Nemandi sem hefur náð tilskilinni lágmarkseinkunn má endurtaka námsmatsþáttinn ef endurtaka er haldin og gildir þá síðasta einkunn.

Í staðinn fyrir orðin „sjúkra- og endurtökuprófa“ í staflið h kemur: endurtökuprófatíðar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

Í stað „fimm“ í staflið a kemur: 10.

Stafliður f verður svohljóðandi:

Ef nemandi æskir þess að sitja próf annars staðar en á skráðum prófstað HA getur hann sótt um það til prófstjóra a.m.k. þremur vikum fyrir áætlaðan prófdag.

Við bætist nýr stafliður g svohljóðandi:

g. *Rafræn próf.* Nemandi sem þreytir próf á tölvu er aðeins heimilt að nota þann hugbúnað/forrit sem tilgreint er af umsjónarkennara. Nemandi er óheimilt að nota annan hugbúnað/forrit á meðan á próftöku stendur, s.s. samskiptaforrit, samskiptatæki og annað en það sem tilgreint er af umsjónarkennara. Nemandi ber að vista prófgögn eingöngu á það svæði sem umsjónarkennari tilgreinir.

5. gr.

Stafliður a 7. gr. verður svohljóðandi:

Nemendaskrá og skrifstofustjórar sjá um skráningu vegna metinna námskeiða.

6. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, og öðlast gildi þann 1. ágúst 2020.

Háskólanum á Akureyri, 30. apríl 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

—————
B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2020